

35. fundur Fræðslunefndar Rangárþings Eystra haldinn 5. apríl 2017 í Hvolsskóla Hvolsvelli

Fundur settur 16:30

Mættir: Anna Kristín Helgadóttir, Árný Jóna Sigurðardóttir, Birna Sigurðardóttir, Christiane L. Bahner, Heiða Björg Scheving, Lilja Einarsdóttir, Lovísa Herborg Ragnarsdóttir, Pálína Björk Jónsdóttir, Reynir Daníel Gunnarsson og Tómas Grétar Gunnarsson. Gestur fundarins var Brynja Davíðsdóttir.

Dagskrá

Lilja óskar eftir breytingum á dagskrá fundarins. Dagskrárlíðir 1-2 bætast við.

- 1) Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri Kötlu Geopark heimsótti fundinn. Hún kynnti starf og eðli jarðvangsins stuttlega og sagði frá samstarfi Kötlu Geopark og Hvolsskóla sem er formlega orðinn GEO-UNESCO jarðvangsskóli. Fræðslunefndin lýsir yfir ánægju sinni með samstarfið.

Brynja yfirgefur fundinn.

- 2) Daníel fer yfir stöðu úttektar vegna bókunar 1 í kjarasamningi. Vinnan hefur gengið vel og fyrirhuguð lokaskil til kennara eru áætluð 18. apríl.

- 3) Anna Kristín segir frá starfi Leikskólans Arkar. Nýr leikskólustjóri mun taka til starfa í sumar. Skóladagatalið fyrir skólaárið 2017-2018 er lagt fram. Reynt hefur verið að samræma starfsdaga leikskóla og grunnskóla eins og hægt er. Annars er skóladagatalið með hefðbundnu sniði. Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið og lýsir yfir ánægju sinni með sameiningu starfsdaga.

Daníel yfirgefur fundinn.

- 4) Anna Kristín leggur fram tillögu að breytingum á verklagsreglum leikskóla í Rangárþingi Eystra til kynningar. Fræðslunefnd telur að breytingarnar varði stefnumörkun og vísar tillögunum til sveitastjórnar. Hjálagt: verklagsreglur.

- 5) Breytingar á gjaldskrá leikskóla lagðar fram og er vísað til sveitarstjórnar. Hjálagt: gjaldskrá.

- 6) Birna leggur fram skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018. Mikill meirihluti starfsfólks og 80% foreldra voru hlynnt 170 daga skólaári eins og verið hefur síðustu ár. Reynt hefur verið að samræma starfsdaga leikskóla og grunnskóla eins og hægt er. Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið og lýsir yfir ánægju sinni með sameiningu starfsdaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:37.

Lovísa H. Ragnarsd.
Árný Jóna Sigurðardóttir
Pálína Björk Jónsd.
Lilja Einarsdóttir
Birna Sig.

Christine L. Bahner
Anna Kristín Helgadóttir
Tómas Grétar Gunnarsson
Heiða Björg Scheving